

AUGLÝSING

um friðlýsingu menningarminja.

Þjórsárdalur.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar ákvað mennta- og menningarmálaráðherra 14. október 2020 að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa menningarlandslag Þjórsárdals í Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Friðlýsingin tekur til þjóðlendna L223325, L223326, L223324, L223323, til Skriðufells, L166597, og Skallakots, friðlýstrar bæjartóftar í útjaðri lands Ásólfstaða 2, L166539, aðrir hlutar jarðarinnar falla ekki undir friðlýsingu þessa. Friðlýsingin sameinar sem minjaheild menningarlandslag sem varðveitir allar þær fornleifar í Þjórsárdal sem friðlýstar voru á þriðja áratug 20. aldar. Um er að ræða minjar 22 fornþýla í dalnum auk umhverfis þeirra sem og aðrar þær minjar sem nú eru aldursfriðaðar samkvæmt minjalögum og umhverfi þeirra. Minjarnar og umhverfi þeirra mynda hið friðlýsta menningarlandslag sem er afmarkað og hnitsett í friðlýsingarskilmálum. Ef áður óþekktar minjar finnast innan hins friðlýsta svæðis falla þær undir skilmála friðlýsingar þessarar.

Elsti hluti Samvinnuskólans á Bifröst.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar ákvað mennta- og menningarmálaráðherra 21. maí 2020 að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa elstu hluta skóla-bygginga Samvinnuskólans á Bifröst í Borgarfirði, (F2109176, L134783). Friðlýsingin tekur til ytra borðs samkomuhúss frá 1950, veggfastra innréttinga í samkomusal og setustofu samkomuhúss, ytra borðs tengigangs milli samkomuhúss og gistiálmu og veggmyndar á tengigangi eftir Hörð Ágústsson listmálara.

Laxabakki.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga nr. 80/2012 um menningarminjar ákvað mennta- og menningarmálaráðherra 5. maí 2020 að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands að friðlýsa Laxabakka, Öndverðarnesi 2, fyrrum sumarhús Ósvalds Knudsen, (fastanr. 220-8648, landnr. 170095). Friðlýsingin tekur til ytra borðs sumarhússins Laxabakka, fastra innréttinga þess sem varðveist hafa, bátaskýlis við bakka Sogs og lóðar hússins, 10.000 fm að stærð.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 13. júní 2022.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sigríður Auður Arnardóttir.